



Hljóðbókasafn Íslands

Bókasafn fyrir blinda, sjónskerta
og prentleturshamlaða

Notendaskilmálar

Hljóðbókasafn Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Lögbundið hlutverk safnsins er að opna þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur, aðgang að prentuðu máli, á hljóðbók eða öðru aðgengilegu formi. Lög sem Hljóðbókasafn Íslands starfar eftir:

[Bókasafnalögum nr. 50/2012](#) og [Samningi milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. Hljóðbókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands](#)

Bækur safnsins eru eingöngu ætlaðar til útlána til skráðra lánþega safnsins. Útlán safnsins byggjast á skilyrtri undanþágu í 19. gr. höfundalaga. Útlán eru merkt lánþegum og verður ólögleg dreifing rakin. Hljóðbókasafn Íslands áskilur sér rétt til eftirlits með því hvort notendur fari að skilmálum safnsins. Dreifing á efni safnsins til annarra en skráðra lánþega er brot á einkarétti höfundar skv. 3. gr. Höfundalaga. Slíkt höfundaréttarbrot getur varðað sektum og fangelsi allt að tveimur árum. **Vakni grunur um eða verði misnotkunar vart áskilur Hljóðbókasafn Íslands sér rétt til að loka þeim aðgangi sem misnotkunin er rakin til, án fyrirvara.** Lánþegar fá senda tilkynningu þar um og er gefinn kostur á að skýra málið. Lánþegar bera ábyrgð á því að lykilorð þeirra fari ekki til annarra. Notendum ber að umgangast bókakost og niðurhal af virðingu við höfunda og lesara efnis og fara í öllu að gildandi lögum.

Hljóðbókasafnið innheimtir árgjald í samræmi við gjaldtökuheimildir 19.gr. Bókasafnalaga nr. 150/2012. Aðgangi lánþega er lokað sé árgjald ekki greitt fyrir gjalddaga. Aðgangur opnast sjálfkrafa aftur þegar árgjald hefur verið greitt.

Umsækjendur/forráðamenn staðfesta með undirskrift sinni að þeir hafi kynnt sér skilmála safnsins. Jafnframt samþykkja notendur skilmála við hverja innskráningu á heimasíðu safnsins.

Skilmálar þessir kunna að verða endurskoðaðir án fyrirvara gerist þess þörf. Lánþegum verður tilkynnt ef meiriháttar breytingar á skilmálum safnsins eiga sér stað.